

274. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs, haldinn á skrifstofu byggðasamlagsins, mánudaginn 31. maí 2010 kl. 07.30.

Mættir eru:

Herdís Sigurjónsdóttir, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Guðfinna Guðmundsdóttir, Guðmundur G. Gunnarsson, Páll Hilmarsson, Ómar Stefánsson og Þór Sigurgeirsson.

Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson og Sigríður B. Einarsdóttir.

Tekið fyrir:

1. Niðurstöður útboðs á gerð reinar í Álfsnesi.

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað dagsett 26. maí varðandi: Útboð á losun klappar í reinum 12 og 13. Eftirfarandi gild tilboð bárust:

Bjóðandi	Tilboðsupphæð	% af kostnaðaráætlun	Röð
Suðurverk hf.	113.807.500,-	44,96	1
Hagtak	134.196.000,-	53,02	2
Íslenskir aðalverktakar	154.047.000,-	60,86	3
KNH ehf	186.571.800,-	73,71	4
- KNH frávik	166.741.800,-	65,87	
Ístak	189.456.350,-	74,85	5
Verktakafélagið Glaumur ehf.	197.373.000,-	77,97	6
Verktakar Magni ehf.	200.290.000,-	79,13	7
Héraðsverk	254.119.800,-	100,39	8
Kostnaðaráætlun	253.125.000,-	100,00	

Lagt er til að lágsta tilboði verði tekið og gengið til samninga við Suðurverk hf. um verkið. Tilboðsupphæð er krónur 113.807.500,-
Stjórn samþykkir samhljóða að ganga til samninga við Suðurverk.

2. Endurfjármögnun vegna endurvinnslustöðva.

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað dagsett 29. maí 2010 vegna endurfjármögnunar láns vegna framkvæmda á endurvinnslustöðvunum. Tilboð bárust frá fjórum lánastofnunum.

Stjórn samþykkir tilboð B frá Íslandsbanka og undirritar umboð til handa framkvæmdastjóra til að ganga frá samningum þar að lútandi.

3. Sala á lóðinni að Miðhrauni í Garðabæ.

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað dagsett 26.5.2010 varðandi lóð að Miðhrauni, Garðabæ. Málið rætt.

4. Kynning hjá sveitarfélögunum á hugmyndum um flokkun og vinnslu heimilisúrgangs.

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri leggja fram og kynna minnisblað dagsett 26.5.2010 varðandi kynningu þeirra hjá aðildarsveitarfélögunum á málefnum.

5. Lyktarmál í Álfsnesi.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir fundi með stjórn íbúasamtaka Leirvogstungu og kynnir stöðu verkefna við að draga úr lykt í Álfsnesi. Málið rætt.

6. Önnur mál.

- a) Framkvæmdastjóri kynnir samanburð á rekstri og áætlun janúar-mars 2010.
- b) Kynnt vísitöluhækkun gjaldskrár 1.67% sem tekur gildi 1. júlí 2010.
- c) Framkvæmdastjóri leggur fram bréf frá Umhverfisstofnun dagsett 14.5.2010 varðandi undanþágu frá ákvæðum reglugerðar um botnþéttingu á urðunarstað SORPU bs. í Álfsnesi.
- d) Stefnumótun SORPU 2010-2015 dreift til stjórnarmanna.
- e) Ársskýrslu SORPU bs dreift til stjórnar á minnislykli.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 9.00

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir

Herdís Sigurjónsdóttir
Guðmundur G. Gunnarsson
Páll Hilmarsson
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

Guðfinna Guðmundsdóttir
Ómar Stefánsson
Þór Sigurgeirsson
Björn H. Halldórsson

